

Málstofa E - Mat á þjónustupörf fatlaðra

Stjórnandi: Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir.

Ritari: Stefanía Traustadóttir.

- *Veita matsaðferðir, sem nú eru í notkun, fullnægjandi og samræmdar upplýsingar um þjónustupörf?*
- *Hvaða eiginleika þarf fullnægjandi þjónustumat að hafa?*
- *Hvað er SIS-matskerfi (Support Intensity Scale)?*

Þór G. Þórarinsson, sérfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, gerði meðal annars grein fyrir áfangaskýrslu undirnefndar sem skipuð var til að fjalla sérstaklega um yfirfærslu ábyrgðar á sértækri félagsþjónustu ríkisins til sveitarfélaga og sjónarmiðum sem koma fram í stefnumótun félagsmálaráðuneytis um þjónustu við fötluð börn og fullorðna 2007–2016. Þar kemur meðal annars fram að viss stoðkerfi þurfi að vera til staðar til þess að stefnan nái fram að ganga, stoðkerfi eins og heildstætt mat á stuðningsþörf. Í máli Þórs komu fram mjög skýrar efasemdir um gæði og ekki síst hlutleysi núverandi matsaðferða. Þó lagði hann og Tryggvi Sigurðsson mikla áhersla á að við staðalbindingu nýs mats verði tekið tillit til hinna fjölbreyttu þarfa notenda þjónustunnar, enda væri það í takt við hugmyndafræðilegar forsendur allrar undirbúningsvinnu að flutningi málaflokksins. (Sjá viðhengi með glærum Þórs G. Þórarinssonar).

SIS-matskerfið

Tryggvi Sigurðsson, sviðsstjóri á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, kynnti SIS-matskerfið – það er nýtt mat á þjónustupörfum fatlaðs fólks. Í upphafi fór hann nokkrum orðum um nauðsyn þess að hafa verkfæri sem byggði á jákvæðri nálgun sem tekur mið af þörfum en er ekki sjúkdómsgreining. Í fyrsta lagi þyrfti slíkt þjónustumatskerfi að taka mið af þörfum og rétti fatlaðra til þjónustu, eins og hún er skilgreind í lögum á hverjum tíma. Í öðru lagi þurfa stjórnvöld að hafa yfir að ráða matskerfi sem tryggir sem hagkvæmasta og réttlátasta nýtingu þeirra fjármuna sem veitt er til þjónustu fyrir fatlaða. Í þriðja lagi má nefna nauðsyn þess að stjórnvöld hafi nákvæmt yfirlit yfir þörf fatlaðra fyrir þjónustu. Hann gerði síðan grein fyrir forsendum og uppbyggingum SIS-matsins sem er bandarískt matskerfi. Markmið með hönnun kerfisins er að meta á hlutlægan hátt stig eða magn þess stuðnings sem fólk með fötlun þarfnast til að geta lifað sem eðlilegustu lífi í samfélaginu. (Sjá viðhengi með glærum Tryggva Sigurðssonar).

Almennt fögnuðu þátttakendur tilkomu nýs mats, þó voru nokkrar efasemdaraddir um hvort þetta kerfi væri algilt. Meðal annars hafði komið fram að það væri verið að þróa viðbót við kerfið sem tæki mið af þörfum barna. Einnig var lögð mikil áhersla á sérstöðu einstaklings sem verður fatlaður seinna á ævinni – er ekki fæddur fatlaður. Þá var lögð áhersla á að matið verði að vera það sveigjanlegt að það geti lagað þjónustuna að þörf einstaklingsins. Þátttakendur spurðu fyrirlesara ýmissa spurninga um útfærslur og vinnu með kerfið, notkunarmöguleika, mikilvægi þess að fá viðmið sem byggðist á eigin reynslu og stöðlun. Þá var spurt hvort hægt yrði að styðjast við þetta kerfi þegar kæmi að málefnum aldraðra. Einnig var spurt um getu kerfisins til að

taka á málefnum geðfatlaðra. Tryggvi ítrekaði að SIS-matskerfið tekur á birtingarformi en er ekki sjúkdómsgreiningartæki.

Það má segja að þátttakendur hafi tekið undir það sjónarmið að núverandi kerfi væri ekki nægjanlega gott þótt ýmsar efasemdir hafi komið upp varðandi SIS matið.

Þá var nokkuð rætt um stefnumótunarvinnu félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem þykir jákvætt og gott skjal en spurt hvort það sem þar kæmi fram (og er enn merkt sem drög) hafi verið samþykkt sem stefna sem farið verði eftir. Fram kom hjá Þór að tekið er mið af stefnunni við vinnu í málaflokknum.

Hópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að öldrunarþjónusta og heilsugæsla verði líka flutt til sveitarfélaga.

Hvers konar matkerfi er notað á Norðurlöndum?

Hópurinn gat lítið fjallað um stöðuna á Norðurlöndum þar sem hann hafði ekki nægar upplýsingar. Í máli Gunnlaugs Júlíussonar, hagfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga, komu þó fram ákveðnar upplýsingar sem hann byggir á sænskri skýrslu. Málefni fatlaðra voru flutt til sveitarfélaga árið 1994 og kom fram að þar er ekki gerð krafa um sama matið – sveitarfélög geta ákveðið sjálf hvernig þau meta þörf og ráðstafa fjármunum. Þá kom fram að útgjöldin hafa vaxið síðan lögin voru samþykkt og hafa staðið yfir viðræður um að ríkið taki aftur yfir og greiði þá klukkutíma sem fara yfir 20 tíma í þjónustu við hvern einstakling. Þeir sem hafa áhuga á geta haft samband við Gunnlaug og fengið skýrsluna. Það kom fram í máli Gunnlaugs að í Noregi er samræmt mat fyrir öll sveitarfélög. Fulltrúi Þroskahjálpar fór mjög lauslega yfir matslista sem er notaður í Noregi. Hann lagði mikla áherslu á að í öllu þessi ferli þyrfti að vera ákveðin áfrýjunarleið.

Í máli Þórs og Tryggva kom fram að í vinnuferli við skoðun á heppilegu matskerfi fyrir Ísland hafi aðilar kynnt sér önnur kerfi og framkvæmd þjónustumats, meðal annars á Norðurlöndum, en að niðurstaðan hafi verið að leggja til SIS-matið, þýða það og staðalbinda og að það verði látið gilda fyrir öll sveitarfélög.

Alls tóku 35 einstaklingar þátt í málstofunni.